

Sp.

463. Fyrirspurnir.

[233. mál]

I. Til samgönguráðherra um fjármagn til yfirbyggingar vega.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hversu miklu fjármagni hefur verið varið til að kanna möguleika til að byggja yfir gil á Óshlíðarvegi og í Ólafsfjarðarmúla?

II. Til samgönguráðherra um símamál.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni og Friðrik Sophussyni.

Í tilefni af ákvörðunum Pósts og síma um að setja upp tækjabúnað til að mæla lengd samtala og innheimta afnotagjöld í samræmi við það er spurt:

1. Hver tók ákvörðun um að setja upp þennan tækjabúnað og á grundvelli hvaða heimilda?
2. Er fyrirhugað að búnaður til mælinga á lengd samtala verði settur upp víðar í landinu og þá hvar og hvenær?
3. Hvaða megin sjónarmið koma til með að ráða í þeirri endurskoðun gjaldskrár, sem þessi búnaður mun hafa í för með sér?
4. Í svari samgönguráðherra við fyrirspurn á síðasta þingi um lengd skrefa segir: „Hæstvirtur samgönguráðherra mun að sjálfsögðu velja réttláta lengd innanbæjarskrefa og skrefagjald.“ Hver verður „hin réttláta lengd innanbæjarskrefa“ og hvert verður skrefagjaldið?
5. Hyggst ráðherra láta stýra gjaldtöku þannig að ekki verði þungbært fyrir fólk, sem notar síma mikið af félagslegum ástæðum, t. d. elli- og örorkulífeyrisþega?